



Hreindýrin í umferðinni – að gefnu tilefni

Síðustu árin hefur hreindýrum sem verða fyrir bíl fjölgað. Þann 28. nóvember síðast liðinn var tarfur keyrður niður við Viðborðssel á Mýrum og var það þrítugasta og annað dýrið sem varð fyrir bíl á þessu ári. Aldrei fyrr hafa svo mörg dýr verið keyrð niður á einu ári (1. mynd).




1. mynd. Fjöldi hreindýra sem lentu fyrir bíl árin 1999 til 2014. Blá súla eru dýr sem urðu fyrir bílum á Fljótsdalsheiði og rauða súlan eru 12 dýr sem fóru í einu óhappi á Langadal vestan Vopnafjarðarvegur.

Þegar skoðað er hvar árekstrarnir verða sést að hættulegustu staðirnir eru Lónið, Jökuldalsheiði, Vopnafjörður, Fagridalur og Reyðarfjörður. Fast á hæla þeirra eru Mýrar, Nes og Hamarsfjörður. Eftir að framkvæmdum lauk á Fljótsdalsheiði hefur ekkert hreindýr orðið fyrir bíl þar (2. mynd).




2. mynd. Fjöldi hreindýra sem urðu fyrir bílum eftir svæðum.



3. mynd. Fjöldi niðurkeyrðra hreinýra eftir mánuðum.

Þegar skoðað er hvenær hreinýr eru keyrð niður sést að desember er langhættulegasti mánuðurinn, síðan janúar og nóvember. Það kemur ekki á óvart að flest óhöppin verði í frosnu skammdeginu þegar dýrin eru víða nærri vegum. Á 4. mynd sést síðan að tarfarnir hafa „vinninginn“ en kýrnar fylgja fast á hæla þeirra.



4. mynd. Hlutfallsleg aldurs- og kynskipting hreinýra sem urðu fyrir bílum 1999-2014

Vegfarendur eru hvattir til að aka varlega í skammdeginu og einkum á hættulegustu stöðunum þar sem hreinýr geta fyrirvaralaust ætt inn á veginn í veg fyrir bílinn